

Fuglaverndarfélag Íslands



Pósthólf 5069, 125 Reykjavík • Sími 562 0477 • Bréfasími 551 6413
Netfang: fuglavernd@fuglavernd.is • Heimasíða: www.fuglavernd.is

Siv Friðleifsdóttir
Umhverfisráðherra
Vonarstræti 4
101 Reykjavík

Stokkseyri 13. sept. 2002

Efni: Aðgerðir vegna fækkunar rjúpu

Stjórn Fuglaverndarfélags Íslands lýsir áhyggjum sínum yfir bágri stöðu íslenska rjúpnastofnsins. Rjúpan var einn af einkennisfuglum íslenskra heiðalanda ásamt mófuglum eins og heiðlóu og þúfutittlingi, en hún er það vart lengur. Stjórnin hvetur umhverfisráðherra að grípa til róttækra aðgerða vegna ástands stofnsins. Rjúpan er mikilvægasta fæða fálkans, en fálkinn er á Válista. Íslendingar bera verulega ábyrgð á velferð fálkans, þar sem allt að fjórðungur fálkastofns Evrópu verpur á Íslandi. Til þess að framtíð íslenska fálkastofnsins sé tryggð, þarf rjúpnastofninn að vera sterkur.

Virðingarfyllt
Jóhann Óli Hilmarsson, formaður